

## **Samþykkt um nýja kennaramenntun og kennarastarfið**

5. þing KÍ hvetur bæði menntamálayfirvöld og kennaramenntunarstofnanir til þess að fullmóta nýja kennaramenntun og kynna sem best og víðast í samfélaginu. Miklu skiptir fyrir menntun og skólastarf að hæfir og áhugasamir einstaklingar af báðum kynjum mennti sig til þess að verða kennarar. Til þess að stuðla að því þarf að draga fram sérkenni kennarastarfsins og raddir starfandi kennara að hljóma. Þannig er stuðlað að því að auka veg og virðingu kennarastarfsins og bæta kjör og starfsskilyrði.